

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

4. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 25.02.90. kl. 10:00.

Mætt: Kári, Skúli, Sigfús, Guðmundur, Kristbjörg, Jón, Kristmundur, Hjalti, Sigbjörn og Gunnar.

1. Kári ræddi aðdraganda formannafundar, sem verður í dag, 25.02. Tilkynnti hann að Eyfirðingum hefði verið boðið til fundarins. Ræddi hann þau mál nokkuð.

2. Formaður kynnti samning sem gerður hefur verið við eigendur Reiðhallarinnar. Var samningurinn undirritaður 30. janúar og hefur Reiðskólinn h.f. þegar hafið störf. Þá greindi formaður frá starfseminni, sem gengur vel. Yfir 300 manns eru á námskeiðum og eru 8 skólar með nemendur þarna.

Þá ræddi formaður um, að verið væri að skipa nefnd til að fjalla um framtíð Reiðhallarinnar, en hún er ekki fullskipuð enn. Taldi formaður að þau mál horfi þokkalega nú.

Stjórnarmenn ræddu þetta og létu vel yfir framgangi málsins. Skúli minntist á mál fatlaðra og taldi formaður að þessi mál þyrfti að skoða og ræddi hann þetta.

3. Hesturinn Okkar. Gerður hefur verið samningur við Práinn Bertelsson um útgáfu blaðsins og kynnti formaður efni hans. Fundarmenn báru fram nokkrar fyrirspurnir og svaraði formaður þeim.

4. Kvikmyndun Landsmóts. Formaður ræddi um hugmyndir sem uppi eru um þetta. Hefur komið fram tilboð frá Bergvík um að fá einkarétt á dreifingu Landsmótsmynda til langstíma.

Þá kynnti formaður tilboð sem "Nýtt Líf" hefur gert um kvikmyndun. Formaður las samningsuppkast við Bergvík h.f. um dreifingu og sölu kvikmynda.

Einnig hefur komið ein munnleg fyrirspurn.

Stjórnarmenn ræddu þessi mál og kvikmyndun almennt.

Ákveðið var að Gunnar og Kristbjörg annist undirbúning að kvikmyndun Landsmóts.

Afgreiðslu samnings við Bergvík frestað.

Ákveðið var að auglýsa kvikmyndagerð á Landsmóti.

5. Formaður ræddi um frumvarp sem komið er fram á Alþingi um reiðvegi. Þar kemur m.a. fram að hugmyndin er að setja á hóffjaðraskatt. Ekki er til þess ætlast að stjórnin gefi álit sitt að svo stöddu, en stjórnarmenn ræddu þetta nokkuð.

Skúli ræddi um lausagöngubann stórgripa. Ræddi stjórnin þetta.

6. Formaður skýrði frá því að samkomulag hefur náðst um skipan búfjárbeitarnefndar og mun L.H. fá 2 menn í hana. Það er bundið því skilyrði að annar sé bóndi, en hinn ráðunautur, til að skilyrðum laga sé fullnægt. Ákveðið að skipa Skúla Kristjónsson í nefndina og Jóhann Þorsteinsson hans varamann. Þá skipar stjórnin Guðmund Jónsson í nefndina og Leif Kr. Jóhannesson til vara.
7. Kristbjörg ræddi aðeins um gerð kennsluefnis á myndböndum fyrir byrjendur í hestamennsku. Hún taldi fjármögnun erfiða sem stendur.

Fundi slitið kl. 12:00.

Kári Arnórsson	Guðm. Jónsson
Skúli Ögm. Kristjónsson	Sigfús Guðmundsson
Kristbjörg Eyvindsd.	Sigbjörn Björnsson
Jón Bergsson	
Kristmundur Halldórsson	
Gunnar B. Gunnarsson	